

# fréttabréf

Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga / maí 2016

## Góð afkoma á árinu 2015

Raunávöxtun A- og V-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga var mjög góð á árinu 2015 eða 8,1% og raunávöxtun B-deildar var 8,8%. Í A- og V-deild er meðalraunávöxtun síðustu fimm ára 5,0%.

Heildariðgjöld sjóðsins námu tæpum 10,4 milljörðum króna en virkum sjóðfélögum fjölgaði úr 15.659 í 16.316 á árinu. Lífeyrisgreiðslur námu rúmum 3,0 milljörðum en lífeyrisþegum fjölgaði um 557 á milli ára og voru að meðaltali um 4.805 á árinu 2015. Rekstrarkostnaður tryggingadeilda var 0,1% af hreinni eign sjóðsins í árslok.

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 114,4 milljörðum króna í árslok 2015 og hækkaði um tæpa 16,3 milljarða króna á milli ára. Fjárfestingartekjur sjóðsins námu tæpum 10,9 milljörðum króna en allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri ávöxtun á árinu.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir sjóðsins á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Niðurstaðan á athugun ársins 2015 sýndi að í A-deild voru skuldbindingar umfram eignir 9,8%. Stjórn sjóðsins mun hækka mótframlag launagreiðenda þar sem viðmiðum laga er nú ekki fullnægt. Tryggingafræðileg athugun á V-deild var jákvæð um 6,8% í árslok. B-deildin nýtur bakábyrgðar viðkomandi sveitarfélaga og er hún því undanþegin viðmiðum laga nr. 129/1997 hvað varðar tryggingafræðilegt jafnvægi.

Nánari sundurliðun má sjá í ársreikningi sjóðsins sem er birtur á heimasíðu sjóðsins [www.lss.is](http://www.lss.is)

## Lokun séreignardeildar

Séreignardeild sjóðsins var lokað um síðustu áramót. Sjóðfélögum var boðið að flytja séreignarsparnað sinn til vörsluaðila séreignarsparnaðar að eigin vali, annars var séreignarsparnaður þeirra fluttur í Frjálsa lífeyrissjóðinn samkvæmt samkomulagi þar um.

Í kjölfar stefnumótunarvinnu hjá stjórn sjóðsins ákvað hún að leggja höfuðáherslu á meginhlutverk lífeyrissjóðsins sem er rekstur samtryggingadeilda. Rekstur séreignardeildar hefur breyst umtalsvert á síðustu árum með lagabreytingum sem m.a. hafa haft áhrif á framkvæmd útgreiðslu séreignar. Þótti stjórn sjóðsins hagsmunum sjóðfélaga í séreignardeild því best borgið hjá þeim vörsluaðilum sem sérhæfa sig í umsjón og stýringu séreignarsjóða. Þessi ákvörðun hefur engin áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga í samtryggingadeildum.

## Nýir starfsmenn


Á síðastliðnu ári voru ráðnir fjórir nýir starfsmenn, en þeir eru Auður Hanna Guðmundsdóttir sérfræðingur í lánamálum; Eymundur Freyr Þórarinnsson, sérfræðingur í eignastýringu; Pálína Margrét Hafsteinsdóttir, sviðstjóri fjármálasviðs og Sigrún Sigurðardóttir, iðgjaldafulltrúi. Fjórir starfsmenn hættu hjá sjóðnum en það eru Anna Dröfn Clausen, iðgjaldafulltrúi; Magnea Sverrisdóttir, eignastýringu; Jóna Björg Magnúsdóttir, gæðastjóri og Elías Halldór Leifsson sviðstjóri fjármálasviðs og er þeim þökkúð vel unnin störf.



Auður Hanna  
Guðmundsdóttir



Eymundur Freyr  
Þórarinnsson



Sigrún Sigurðardóttir



Pálína Margrét  
Hafsteinsdóttir

## Lífeyrisréttindi þín

Lífeyrisréttindi eru verðmæt trygging sem þú ættir að kynna þér vandlega. Þú getur skoðað stöðu þína á meðfylgjandi yfirliti sem sent er til þín tvisvar á ári. Þú getur einnig skoðað réttindi þín á sjóðfélagavefnum [www.lss.is](http://www.lss.is) eða í Lífeyrisgáttinni [www.lifeyrisgattin.is](http://www.lifeyrisgattin.is). Þú getur athugað hvort lögbundnar iðgjaldagreiðslur hafi skilað sér til sjóðsins með því að bera yfirlitið saman við launaseðla. Ef þú sérð misræmi þar á milli skalt þú hafa strax samband við lífeyrissjóðinn.

Á sjóðfélagavefnum getur þú séð stöðuna á iðgjaldaskilum launagreiðenda og réttindaávinnslu. Í Lífeyrisgáttinni getur þú séð réttindi þín í þeim lífeyrissjóðum sem þú hefur einhvern tímann átt aðild að.

## Við tökum vel á móti þér

Þér er velkomið að koma til okkar í Sigtún 42, eða hafa samband við starfsmenn sjóðsins ef einhverjar spurningar vakna í sambandi við iðgjöld, lífeyrisgreiðslur, lán eða annað sem varðar réttindi þín hjá sjóðnum. Símatími réttindasviðs er á milli 13.00 og 16.00 alla virka daga. Símanúmerið er 5 400 700 og netfangið er [lss@lss.is](mailto:lss@lss.is). Sjóðurinn er opin allra virka daga frá kl. 9.00 til 16.00.

# Ársfundur 2015

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga verður haldinn fimmtudaginn 23. júní kl. 15.00, í húsakynnum sjóðsins, að Sigtúni 42, 2. hæð, Reykjavík.

## Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Breyting á samþykktum sjóðsins
3. Önnur mál

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfelög eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.

Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

Reykjavík, 2. maí 2016

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

## Yfirlit yfir afkomu ársins 2015

Allar fjárhæðir í milljónum króna

Efnahagsreikningur	A-deild	V-deild	B-deild	S-deild	Samtals 2014	Samtals 2013
Húseignir og lóðir	91	18	0		109	112
Verðbréf með breytilegum tekjum	33.948	6.892	931	-	41.771	32.271
Verðbréf með föstum tekjum	46.501	9.440	3.063	-	59.004	53.498
Veðskuldabréf	5.485	1.113	249	-	6.848	6.819
Bankainnistæður	3.330	676	167	-	4.173	2.624
Aðrar fjárfestingar	53	11	0	-	64	104
Kröfur	1.058	215	315	-	1.588	1.409
Aðrar eignir	857	174	12	-	1.044	1.709
Skuldir	(138)	(28)	(13)	-	(178)	(381)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	<b>91.185</b>	<b>18.512</b>	<b>4.725</b>	<b>0</b>	<b>114.422</b>	<b>98.167</b>

Breyting á hreinni eign	A-deild	V-deild	B-deild	S-deild	Samtals 2014	Samtals 2013
Iðgjöld	7.254	2.325	825	(43)	10.361	9.214
Lífeyrir	(1.780)	(150)	(1.121)	(58)	(3.109)	(2.712)
Fjárfestingatekjur	8.496	1.673	551	146	10.867	5.426
Fjárfestingagjöld	(159)	(29)	(32)	(3)	(223)	(187)
Rekstrarkostnaður	(111)	(19)	(38)	0	(168)	(132)
Hækkun á hreinni eign á árinu	13.700	3.799	186	42	17.728	11.607
Hrein eign frá fyrra ári	77.485	14.712	4.539	1.430	98.167	86.557
Afhent í lok árs við lokun deildar*				(1.473)	(1.473)	
Hrein eign til greiðslu lífeyris	<b>91.185</b>	<b>18.512</b>	<b>4.725</b>	<b>0</b>	<b>114.422</b>	<b>98.167</b>

Kennitölur	A-deild	V-deild	B-deild	S-deild leið I	S-deild leið II	S-deild leið III
Nafnávöxtun	10,3%	10,3%	11,0%	11,7%	11,5%	4,6%
Raunávöxtun	8,1%	8,1%	8,8%	9,5%	9,4%	2,5%
Raunávöxtun 5 ára meðaltal	5,0%	5,0%	-	5,8%	4,9%	2,2%
Fjöldi sjóðfélaga	11.333	4.802	181	171	73	38
Fjöldi lífeyrisþega	3.055	817	933	45	18	16
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,1%	0,1%	0,8%	-	-	-
Eignir í íslenskum krónum í %	84,7%	84,7%	92,4%	61,9%	92,7%	100,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum í %	15,3%	15,3%	7,2%	38,1%	7,3%	0,0%
Eignir umfram heildarskuldbindingar í %	-9,8%	6,8%	-22,9%			
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar í %	-3,2%	8,7%	-84,9%			

Birt með fyrirvara um prentvillur

Í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga sitja:  
Kristbjörg Stephensen, formaður, Garðar Hilmarsson, varaformaður  
Benedikt Þór Valsson, Elín Björg Jónsdóttir, Salóme Þórisdóttir  
og Sigurbergur Ármannsson.  
Frankvæmdastjóri sjóðsins er Gerður Guðjónsdóttir.



Lífeyrissjóður  
starfsmanna sveitarfélaga